

12. FUNDARGERÐ - STJÓRNARFUNDUR FÍN 2023-2024

08. JANÚAR 2024, KL. 11:15-17:00 – STAÐFUNDUR

MÆTT VORU:

Anna Berg Samúelsdóttir (T), Björg Helgadóttir, Guðrún Nína Petersen, Kristín Hermannsdóttir (T), Lilja Grétarsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Marianna H. Helgadóttir, Sigvaldi Thordarson, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Torfi Geir Hilmarsson (T), Una Bjarnadóttir og Unnur Magnúsdóttir.

Gestir fundarins: Orri Prastarson, verkefnisstjóri FÍN og Runólfur Vigfússon, lögfræðingur FÍN.

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

FUNDARGERÐ:

Formaður setti fund kl. 11:25

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

MHH fór yfir fundargerð stjórnarfundar 4. desember 2023.

Afgreiðsla: Samþykkt

2. Nýir félagsmenn

6 einstaklingar sóttu um fulla aðild að FÍN. Allir uppfylla skilyrði fyrir aðild að félaginu.

Afgreiðsla: Samþykkt

3. Jöfnun launa milli markaða – Áfangasamkomulag

MHH kynnti niðurstöður áfangasamkomulags sem verið er að ganga frá vegna heilbrigðisklasa. Búið er að ganga frá drögum að stofnanasamningi með þeim breytingunum sem leiða af samkomulaginu.

Von er á nýju áfangasamkomulagi um mánaðarmótin janúar/febrúar. Ekki er ljóst á þessari stundu fyrir hvaða hóp það verður.

4. Húsnæðismál

MHH kynnti. Hópurinn sem er núna í B27 auk Visku hafði hug á að fara á 3. hæð en mikil óánægja var með það hvernig félögin voru „teiknuð“ inn á hæðina. Niðurstaðan er að FÍN haldi sínu rými á 2. hæð út samningstímann.

Formaður lagði til að vísa húsnæðismálum FÍN til framkvæmdastjórnar til að vinna málin áfram.

Umræður.

Afgreiðsla: Samþykkt.

LG kom inn á fundinn.

5. Undirbúningur fyrir aðalfund FÍN

a) Framboð og kosningar

Kjósa þarf einn meðstjórnanda til eins árs, 9 meðstjórnendur til tveggja ára og formann FÍN. Formaður FÍN býður sig fram til áframhaldandi setu.

Kjósa þarf einn til tveggja ára í Kjaradeilusjóð.

Kjósa þarf þrjá í aðalstjórn Siðanefndar og einn varamann.

Sent verður út fréttabréf til félagsmanna þar sem fram kemur hvar laus sæti eru í stjórnnum og nefndum FÍN.

b) Lagabreytingar

MHH fór yfir tillögur formanns að lagabreytingum í samræmi við umræður á starfsdegi stjórnar 6.-7. október sl.

Stjórn er falið að fara yfir tillögurnar og taka afstöðu til þeirra fyrir næsta fund.

Umræður.

6. Kjaraviðræður

Skv. fréttum stýttist í að samningar náist milli SA og stéttarfélaga á almenna markaðinum. Þar er lagt upp með að framlengja Lífskjarasamninginn svokallaða með krónutöluhækkunum og meðgjöf ríkis í formi tilfærslna í gegnum barna-, vaxta- og húsnæðisbætur. Sá samningur skilaði litlu til millitekjuhópanna og framlenging á honum mun ekki koma félagsmönnum FÍN til góða. Formaður BHM hefur viðrað hugmyndir um „breiðfylkingu“ millitekjuhópanna með það að markmiði að verja hagsmuni þeirra.

Umræður.

Afgreiðsla: Stjórn FÍN tekur jákvætt í að kanna hvort grundvöllur sé fyrir samvinnu/samtali við önnur stéttarfélög með millitekjuhópa til að halda málefnum þeirra á lofti. Stjórn FÍN leggur áherslu á að stéttarfélögin sjálf sitji við samningaborðið.

7. Önnur mál

a) Umræður um framtíðarfyrirkomulag BHM og stöðu aðildarfélaga innan þess.

Ekki var fleira gert og stjórnarfundur slitið kl. 13:02.

TGH og KH véku af fundi. ABS kom inn á fundinn.

8. Vinnudagur stjórnar FÍN, frh. frá 6-7. október 2023

Farið var yfir markmiðasetningu félagsins. Stjórnarmenn hvattir til að kynna sér gögnin á milli funda. MHH mun setja gögnin inn á svæði stjórnar og búa til heildstætt skjal sem tekið verður til umfjöllunar á næsta stjórnarfundum.

Ekki var fleira gert og fundur slitið kl. 15:54.